

Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 85. fundur – 10.apríl 2017 Einhleyping 1 Fellabæ

Mætt: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Steingrímur Karlsson, Einar Kr. Haraldsson. Fjarverandi af aðalmönnum voru Björn Ármann Ólafsson og Þórhallur Þorsteinsson. Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður austursvæðis og Þórveig Jóhannsdóttir starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

Formaður setti fund 16:30

Dagskrá:

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða
2. Hreindýr og hreindýraveiðar í þjóðgarðinum. Gestir: Jóhann Guttormur Gunnarsson frá umhverfisstofnun, Skarphéðinn Þórisson frá Náttúrustofu Austurlands og Jón Hávarður Jónsson og Reimar Ásgeirsson frá félagi leiðsögumanna um hreindýraveiðar.
3. Önnur mál.

1.Dagskrá og undirritun fundargerða:

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerða við hana.

2. Hreindýr og hreindýraveiðar í þjóðgarðinum:

Agnes kynnir forsög umálsins, erindi frá leiðsögumönnum varðandi veiðar hreindýra innan griðlands við Snæfell og slóðamál innan þjóðgarðsins. Skarphéðinn tekur fyrstur til máls og fer yfir sögu hreindýraveiða. Hann telur ólíklegt að ekki náist að veiða upp í veiðikvótann vegna þess að dýrin haldi sig inn á friðlandinu. Jóhann Guttormur fór yfir stöðuna varðandi hvað mörg dýr hafa verið feld á svæði 2. Segir einnig að yfirleitt hafi náðst að fylla upp veiðikvótann. Jón Hávarður segir frá óánægju hreindýraleiðsögumanna um að hreindýrin hangi innan Snæfellsgríðlandsins sem geri leiðsögumönnum erfitt fyrir Hann sagði hreindýraveiðar verða orðinn hluti af ferðaþjónustu og snúist ekki aðeins um að ná veiðikvóta heldur einnig um að sinna þjónustu við veiðimenn sem hafa greitt fyrir að koma og veiða.

Umræður sköpuðust um giðlandið og slóðamál þjóðgarðsins.

Ruth þakkaði gestum fundarins fyrir kynninguna og góðar og frjóar umræður og þeir yfirgáfu fundinn um kl. 19:00.

3. Önnur mál

Engin

Fundi slitið 19:10

Ritari Þórveig